

		kr.	aur.
	flyt	4140	13
13.	Styrkur til ferðakostnaðar handa settum hjeraðslækni Júlíusi Halldórssyni frá Reykjavík til Þingeyjarsýslu haustið 1874 fylgiskjal 48—49	50	"
14.	Kostnaður við sýslunefndarkosningar vorið 1874:	kr.	aur.
	a, í Þingeyjarsýslu, fylgiskjal 50—51	17	50
	b, í Eyjafjarðarsýslu, fylgiskjal 52	4	"
15.	Borgað landshöfðingja fyrir embættisferð hans í gegnum norður- og austuramtið sumarið 1876, fylgiskjal 53—59	785	83
16.	Eptirstöðvar til næsta árs:		
	a, fyrirfram borgað úr sjóðnum eptir meðlagðri skýrslu, fylgiskjal 60	8489	24
	b, óborgað jafnaðarsjóðsgjald frá nokkrum sýslum við árslok 1876 samkvæmt meðlagðri skýrslu, fylgiskjal 61	2216	32
	c, í peningum	1280	41
		11,985	97
	Samtals	16,983	43

Akureyri, 15. dag febrúarmánaðar 1877.

Christiansson.

93 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um launastyrk handa*
 24. maí búfræðingi. — Þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 6. marz þ. á., þar sem þjer farið þess á leit, að hið konunglega danska landbúnaðarfelag veiti eins og áður styrk nokkurn til launa handa Sveini Sveinssyni búfræðing ári það, er nú er að líða, var sent fjelagi þessu, og hefir það síðan skýrt svo frá, að það hafi veitt enn þetta ár 200 kr. í þessu skyni.

94 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um búfræðislegar rann-*
 15. júní. sóknir. — Eins og yður er kunnugt, herra landshöfðingi, gjörði Feilberg inspektor í fyrra búfræðislegar rannsóknir á Íslandi sunnanverðu, eptir ráðstöfun hins konunglega danska landbúnaðarfelags. Kostnaðurinn til þess nam alls 1000 kr., og hefir ráðgjafinn greitt helming þess. Landbúnaðarfelaginu þykir nú óskilegt, að rannsóknum þessum verði haldið áfram þetta ár á norðurlandi, og með því að ráðgjafinn hlýtur að vera á sama máli, hefir hann heitið fjelaginu að greiða helming af kostnaðinum til þess, en þó eigi fram úr 1000 kr.

Jafnframt og yður er skýrt frá þessu, herra landshöfðingi, eru þjer þjónustusamlega beðnir að gjöra svo vel að sjá um, að hlutaðeigandi yfirvöld veiti Feilberg inspektor þá liðsemd og leiðbeiningu, er hann við þarf í því, er hann á af hendi að leysa.

95 — *Brjef landshöfðingja til stiðtsyfrvaldanna um styrk til dýramyndasafns.* — Að jeg hafi af þje því, er veitt er í 15. gr. fjárlaganna til vísindalegra og

verklegra fyrirtækja, veitt Benidikt Gröndal skólakennara að beiðni hans 200 kr. styrk til að búa til myndasafn það af íslenskum dýrum, er hann er byrjaður á og sem hann ætlar svo að láta hinn lærða skóla fá, í náttúrusafn skólans, — það læt jeg eigi undan falla að tjá hinum virðulegu stiptsyfirvöldum þjónustusamlega, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og til þess að þjer tilkynnið það Benidikt Gröndal skólakennara, sem á að taka við hjálagðri ávísun. **99**
25. júní.

— *Ágrip af bræfi landshöfðingja til búnaðarsíelags suðuramtsins um styrk til jarðabóta í suðurumdæminu.* — Með bræfi þessi veitti landshöfðingi búnaðarsíelaginu 848 kr. af fje því, er til er tekið í 10. gr. fjárlaganna, C, 5, og skyldi 500 kr. af því varið til að launa Sveini búfræðing Sveinssyni, en 348 kr. til að kaupa vagna og mjólkuráhöld. **96**
26. júní.

— *Ágrip af bræfi landshöfðingja til amtmannsins í vesturumdæminu um styrk til jarðabóta í vesturumdæminu.* — Með bræfi þessu veitti landshöfðingi samkvæmt tillögum amtmanns og amtsráðs Ólafi Bjarnarsyni jarðyrkjumanni 100 kr. styrk til þess að ferðast í sumar um Mýra, Hnappadals og Dala sýslur til þess að veita mönnum tilsögn í jarðabótum, með loforði um frekari styrk þegar hann væri búinn að senda skýrslu um aðgjörðir sínar á sumrinu, og skyldi hann jafnframt mega taka kaup hjá þeim, er óskuðu tilsagnar hans, en þó eigi meira en 1 kr. á dag; og í annan stað Jóni bónda Halldórssyni á Laugabóli í Ísafjarðarsýslu 200 kr. styrk til að kaupa jarðyrkjuverkfæri. Var hvorutveggi styrkurinnu tekinn af fje því, er veitt er í 10. gr. fjárlaganna, C, 5. **97**
26. júní.

Auglýsing

um yfirsetukvennahjeruð í suðuramtinu.

98
3. júlí.

Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í yfirsetukvennalögum 17. des. 1875, 1. grein, hefir amtsráðið í suðuramtinu ákveðið, að þessi yfirsetukvennahjeruð skuli vera í hverri sýslu í amtinu.

I. Í Skaptafellssýslu.

1. Bæjar hreppur (Lón).
2. Bjarnaness prestakall (Nes).
3. Einholts sókn (Mýrar).
4. Borgarhafnar hreppur (Suðursveit).
5. Hofs hreppur (Öræfi).
6. Kleifa hreppur, frá Skeiðarársandi að Stjórn.
7. Kleifa hreppur, frá Stjórn að Holtsá, og Leiðvalla hreppur fyrir ofan Eldvatn í Meðallandi.
8. Meðalland fyrir utan nefnt Eldvatn, Leiðvöllur og Álptaver.
9. Ása og Búlands sóknir með Skál, undantekinn Leiðvöllur.
10. Höfðabrekku- og Reynis-sóknir.
11. Dyrhóla- og Sólheimna-sóknir.